



11. fundur stjórnar LH 2022-2024
21. september 2023 kl. 17:00
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir. Á fjarfundi: Edda Rún Ragnarsdóttir, Sóley Margeirsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Gróa Baldvinsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Randi Holker.

Forföll boðuðu: Birna Tryggvadóttir og Valdimar Magnús Ólafsson, Ólafur Gunnarsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Verkefnastaða í nefndum

Farið var yfir stöðu verkefna í nefndum.

3. Íslandsmót haldið á Landsmóti – erindi frá LM2024

Stjórn LM 2024 óskar eftir álitum stjórnar LH og Keppnisnefndar LH um að halda Íslandsmót fullorðinna í hestaíþróttum samhliða Landsmóti í Reykjavík 2024. Gera þarf undanþágur frá reglugerðum um Íslandsmót og Landsmót til að slíkt geti orðið að veruleika. Formaður LH sem á sæti í stjórn LM2024 vill færa til bókar að hann vék af fundi þegar ákvörðun var tekin um að senda fyrirspurn um málið til LH.

Keppnisnefnd hefur fjallað um málið og skilaði tveimur álitum. Meirihluti nefndarinnar telur vel framkvæmanlegt að halda Íslandsmót fullorðinna samhliða Landsmóti en ekki ungmennaflokk. Minnihluti nefndarinnar leggst gegn hugmyndum um Íslandsmót á Landsmóti.

Afgreiðsla: Stjórn LH telur sér ekki heimilt að veita undanþágu frá reglugerðum um Landsmót og Íslandsmót en á Landsþingi LH 2022 var tillaga um að halda Íslandsmót á Landsmóti felld. Samþykkt að taka umræðu á formannafundi í nóvember nk. og kanna hug félagsmanna til málsins.

4. Dagsetningar og auglýsing Íslandsmóta og Áhugamannamóts Íslands og Íslandsmót í gæðingalist

Skv. reglugerð um Íslandsmót og áhugamannamót Íslands skulu umsóknir um að halda mótin berast til LH fyrir 1. október að undangenginni auglýsingu.

Lagt er til að mótin verði auglýst á eftirfarandi dagsetningum:

Íslandsmót barna og unglinga: 18-21 júlí (2 vikur eftir LM)

Áhugamannamót Íslands: 9-11 ágúst

Íslandsmót ungmenna og fullorðinna: 22-25 ágúst

Lagt er til að stjórn feli keppnisnefnd að taka til athugunar hvort gerlegt sé að halda til prufu Íslandsmót í gæðingalist í apríl 2024 þar sem forkeppni og úrslit í öllum flokkum fara fram.

Afgreiðsla: Tillaga um dagsetningar Íslandsmóta og Áhugamannamóts samþykktar og skrifstofu falið að auglýsa mótin til umsóknar. Samþykkt að fela keppnisnefnd að kanna hvort veita þurfi undanþágur frá reglugerð um Íslandsmót til að halda megi Íslandsmót í gæðingalist á annarri dagsetningu en Íslandsmótin.



5. Verkferlar er varða öryggisráð á mótum – erindi frá keppnisnefnd

Keppnisnefnd LH vill beina til stjórnar að Öryggisnefnd LH verði fengin til að skoða atvik sem varð á WR móti á Hellu í lok ágúst. Þar datt hestur á fullri ferð á skeiði og knapinn sem um ræðir fékk þungt höfuðhögg og rotaðist. Knapinn og hans aðstoðarfólk afþakkaði sjúkrabíl og mótshaldarar féllust á að kalla ekki út sjúkrabíl og fóru þannig á svig við eigin verkferla. Viðkomandi mótshaldari hefur farið yfir verkreglur í kjölfarið.

Afgreiðsla: Í viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsmála, sem gefin var út á haustmánuðum 2022, er farið yfir hvernig bregðast skuli við þegar slys verða á fólki. Öryggisnefnd falið að kynna viðbragðsáætlun fyrir mótshöldurum.

6. Ferðakostnaður Fjórðungsmóts Austurlands 2023 – beiðni um styrk

Erindi frá framkvæmdanefnd FM2023 f.h. Hestamannafélagsins Freyfaða:

„Styrkbeiðni vegna sérstaks ferðakostnaðar, þ.e. flugferðir 6 dómara og ráðins framkvæmdastjóra mótsins sem kom fjórum sinnum fljúgandi. Við þetta bætist fæðiskostnaður, gisting og uppihald.

Fjórðungsmót Austurlands óskar eftir styrk vegna þessa. Heildarupphæð þessara kostnaðarliða er um 1.100 þúsund kr. Við vonum innilega að stjórn LH taki vel í þessa beiðni og sýni skilning þeim sérstaka aukakostnaði sem stórmótahald svo langt út á landsbyggðinni stendur frammi fyrir. Gríðarlegur metnaður var lagður í verkefnið. Mikilvægt var að mótið tækist eins vel og hægt var, sem tókst að okkar mati. Þessa vegna fórum við þá leið að sækja í ómetanlega reynslu frá stórmótahaldi annars staðar frá.“

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir uppgjöri mótsins áður en afstaða er tekin til málsins.

7. Formannafundur LH

Formannafundur LH 2023 verður haldinn laugardaginn 18. nóvember í Laugardalshöll kl. 9.00-15.00. Um kvöldið verður uppskeruhátíð hestafólks.

Formannafundur er rágefandi fyrir stjórn LH og skal fjalla meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga
- Reikninga síðastliðins rekstrarárs
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Formaður leggur til að tekin verði víðtæk umræða um keppnismál, mótahald, innanhúsmótaraðir, framtíð landsmóta og Íslandsmóta ofl. Einnig er lagt til að taka nýliðunarmál fyrir.

Afgreiðsla: Skrifstofa falið að undirbúa umræðufundi í samvinnu við stjórn.

8. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn föstudaginn 24. nóvember kl. 13.00. Fundinn sitja m.a. formenn og framkvæmdastjórar sérsambanda. Í forföllum formanna sérsambanda taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar. Ferðakostnaður fundarmanna greiðist af ÍSÍ.

Afgreiðsla: Samþykkt að formaður og varaformaður mæti f.h. LH, framkvæmdastjóri verður fjarverandi.



9. Akademía íslenska hestsins – könnun meðal hagaðila

Akademía íslenska hestsins var stofnuð á vordögum 2023. AÍH er ætlað að vera sameiginlegur vettvangur rannsókna á íslenska hestinum í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Einn megintilgangur með stofnun AÍH er að auka þekkingu á íslenska hestinum til framfara og framþróunar, bættrar velferðar hesta og hestamanna og aukinnar verðmætasköpunar innan greinarinnar. Í meðfylgjandi könnun eru hagaðilar innan hestamenskunnar beðnir um að koma með sitt álit á mikilvægi rannsókna og framhaldsnáms í hestafræðum auk þess að geta komið með ábendingar um rannsóknaráherslur eða önnur mikilvæg hagsmunamál sem þeir telja að AÍH geti unnið að.

Afgreiðsla: Stjórn LH fagnar auknum tækifærum til rannsókna á íslenska hestinum. Samþykkt að beina því að AÍH að standa að rannsóknum um Hagstærð hestamenskunnar og velferð hestsins.

10. Skýrsla LM 2022

Skýrsla framkvæmdateymis Landsmóts 2022.

Afgreiðsla: Stjórn þakkar vandaða og upplýsandi skýrslu eftir vel heppnað Landsmót.

11. Horses of Iceland samstarf

Þann 25. mars 2022 var undirritaður endurnýjaður samningur við matvælaráðuneytið og Íslandsstofu til ársloka 2025. Að samningnum stóðu auk LH, Félag hrossabænda/Deild hrossabænda í BÍ og Félag tamningamanna. Með samningnum skuldbinda LH og FHB sig til að leggja til verkefnisins 3.000.000 kr. hvort á ári og FT 100.000 kr. á ári. Síðar hafa ýmsir samstarfsaðilar bæst við og stendur í um 30 millj. kr. á þessu ári með mótfamlagi ríkisins. Óski samningsaðili eftir að segja upp samningi skal gera það með 3ja mánaða fyrirvara og miðast við áramót. Síðan samningurinn var gerður hefur LH sett verulegar fjárhæðir til kynningarmála, m.a. ráðið sérstakan starfsmann upplýsinga- og kynningarmála.

Afgreiðsla: Samþykkt að virkja uppsagnarákvæði samningsins og nýta uppsagnarfrestinn til að endurskoða ákvæði í samningnum.

12. Málarekstur fyrrverandi landsliðsknapa fyrir dómstóli ÍSÍ

Jóhann Rúnar Skúlason kærði Landssamband hestamannafélaga til Dómstóls ÍSÍ þann 23. júní sl. Jóhann krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun stjórnar LH og landsliðsnefndar frá því í nóvember 2021, að víkja sér úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum, þá krefst hann að LH greiði málskostnað.

Stjórn LH ákvað að beiðni landsliðsnefndar, að ráða lögmanninn Arnar Þór Stefánsson til að verja hagsmuni LH í málinu. LH krafðist frávísunar þar sem kærufrestur til dómstólsins væri liðinn og til vara að kröfum Jóhanns verði hafnað. Einnig var krafist greiðslu málskostnaðar. Úrskurður var kveðinn upp 4. ágúst sl. þar sem málinu var vísað frá dómi en kröfum um greiðslu málskostnaðar hafnað. Jóhann áfrýjaði úrskurðinum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og hefur verið boðað til munnlegs málflutnings 2. okt. nk. Málskostnaður LH að loknum úrskurði 4. ágúst er kr. 1.275.211.

Afgreiðsla: Til bókunar.

13. Brottvikning landsliðsknapa úr landsliðshópi LH

Þann 23. júní sl. var Konráði Vali Sveinssyni vikið úr landsliðshópi LH vegna ítrekaðra brota á samningi landsliðsnefndar við landsliðsknapa og siðareglur LH. Konráð réð Óskar Sæberg sem umboðsmann/lögfræðing og síðar talsmann í málinu og einnig réð hann hæstaréttarlögmann til að verja



málstað sinn, Stefán Karl Kristjánsson. Stjórn LH ákvað að beiðni landsliðsnefndar, að ráða lögmanninn Arnar Þór Stefánsson til að verja hagsmuni LH í málinu.

Lögfræðikostnaður í málinu stendur í kr. 884.434.

Afgreiðsla: Til bókunar.

14. Valnefnd

Valnefnd er að störfum og rýnir árangur keppenda og keppnishestabúa. Fagráð mun tilnefna kynbótaknapa ársins.

15. Breytingar á nefndarmönnum í keppnisnefnd

Einar Gíslason formaður keppnisnefndar hefur sagt sig frá setu í nefndinni.

GDLH tilnefndi Hauk Bjarnason sem fulltrúa félagsins í nefndinni í stað Jóns Þorbergs Steindórssonar og hefur hann þegar hafið nefndarstörf.

Afgreiðsla: Finna þarf nýjan formann nefndarinnar fyrir komandi keppnistímabil.

16. Heimsmeistaramót íslenska hestsins 2023

Íslenska landsliðið í hestaíþróttum vann til 11 gullverðlauna og 2ja silfurverðlauna á HM. Fimm kynbótahross voru efst í sínum flokki og eitt var í öðru sæti.

Árangur þessa móts er einhver sá besti sem liðið hefur náð frá upphafi. Vakti það eftirtekt hversu samheldinn og öflugur íslenski hópurinn var.

Heillaóskaskeyti barst frá forseta Íslands sem bauð liðinu til móttöku á Bessastöðum þann 30. ágúst.

Mennta- og barnamálaráðherra sem einnig er ráðherra íþróttamála, bauð landsliðinu til móttöku þann 8. september sl. til að fagna frábæru gengi.

Með þessu er landsliðinu og hestaíþróttinni mikill heiður sýndur.

17. Töllumót Harðar – undanþága frá reglu um auglýsingar móta – til bókunar

Mótanefnd Harðar óskaði eftir þann 17. júní 2023 að fá að halda töllumót án úrslita tveimur dögum síðar eða þann 19. júní og fá þannig undanþágu frá reglu 5.1 í reglugerð um mótahald á Íslandi, um að mót skuli auglýst með minnst 7 daga fyrirvara.

Afgreiðsla: Samþykkt með tölvupósti dags. 17. júní 2023.

18. Skeiðmót Geysis 20. júní – undanþága frá reglum um árangur á Íslandsmót – til bókunar

Þann 18. júní óskaði Hestamannafélagið Geysir eftir því að halda skeiðmót 20. júní og árangur á mótinu myndi gilda inn á Íslandsmót, en árangur keppnispars miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti, eða mánudaginn 19. júní. Óskað er eftir undanþágu annars vegar frá reglu 5.1 í reglugerð um mótahald á Íslandi, um að mót skuli auglýst með minnst 7 daga fyrirvara og hins vegar frá gr. 3 í reglugerð um Íslandsmót um að árangur miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

Afgreiðsla: Samþykkt með tölvupósti dags. 19. júní 2023.



19. Styrkur til mótshaldara Íslandsmóts barna og unglunga – til bókunar

Mótshaldari Íslandsmóts barna og unglunga 2023, Hestamannfélagið Geysir, óskaði eftir styrk til að standa straum af kostnaði við útsendingu Alendis frá mótinu, en kostnaður við útsendinguna var um 120.000 kr. á dag. Lagt var til að LH styrkti mótið um 200.000 kr.

Afgreiðsla: Samþykkt með tölvupósti dags. 9. júlí 2023.

20. Lögfræðistofu falið að svara lögfræðingum landsliðsknapa – til bókunar

Þann 26. júní sl. óskaði landsliðsnefnd eftir að óháðum lögfræðingi yrði falið að verja hagsmuni LH í málatilbúnaði tveggja fyrirverandi landsliðsknapa, með ófyrirséðum kostnaði fyrir LH.

Afgreiðsla: Samþykkt með tölvupósti dags. 26. júní 2023.

21. Önnur mál

- a. Uppskeruhátíð verður haldin 18. nóvember, undirbúningi miðar vel.
- c. Sameiginlegur fundur með landsliðsnefnd um HM2023 verður haldinn í byrjun október.
- d. Fundur með NIHC – formönnum Norðurlanda er boðaður í Stokkhólmi 14. október. Ræða á dómaramál, ræktunarmál innan FEIF o.fl. Á fundinn fara formaður LH, starfsmaður mótamála LH og formaður Deildar hrossabænda.
- d. Meistaradeild í hestaþróttum óskar eftir afstöðu stjórnar LH um hvort deildin geti vísað málum sem ekki tækist að leysa í sátt og samlyndi til úrskurðar- og aganefndar LH.

Afgreiðsla: Stjórn telur mögulegt að taka til álita að vísa ágreiningsmálum sem snúa að regluverki LH til úrskurðar- og aganefndar LH en meta þarf hvert tilvik fyrir sig. Meistaradeildin getur þó ekki vísað málum beint til nefndarinnar, það gerir einungis stjórn LH.

Fundi slitið kl. 20.20